

Samningur

um efnistöku í reiðstíga, gönguleið og áningarhólf

milli

Landsvirkjunar

annars vegar

og

Sveins Sigurjónssonar

hins vegar

Samkomulag þetta (hér eftir „**Samningur**“) er gert

á milli:

1. **Landsvirkjunar**, kt. 420269-1299, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík (hér eftir „**Landsvirkjun**“), annars vegar

og

2. **Sveins Sigurjónssonar** kt. 011047-3789, Galtalæk 2, 851 Hellu, hins vegar.

Í samningi þessum verður vísað til hvors af framangreindum um sig sem „**aðila**“ samningsins, en sameiginlega til þeirra sem „**aðilanna**“.

Formáli:

Í tengslum við byggingu Búrfellsstöðvar II gerðu Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Landsvirkjun með sér samkomulag um mótvægisáðgerðir vegna framkvæmdanna, sem meðal annars fólst í því að Landsvirkjun myndi kosta byggingu þverunarmannvirkis yfir gamla farveg Þjórsár ofan við Þjófafoss.

Á síðastliðnu og þessu ári, 2019 og 2020, hefur verið unnið að hönnun þessa þverunarmannvirkis í formi brúar ásamt reiðstígum og gönguleið að henni. Markmiðið er að brúin nýtist hestamönnum, göngu- og hjólréiðafólki og mun brúin tengja saman gönguleiðir efst í Landssveit og í Þjórsárdal. Brúin mun tengjast inn á slóðir og vegi sem fyrir eru beggja megin Þjórsár, að norðanverðu (í Skeiða- og Gnúpverjahreppi) inn á vegslóða sem liggur frá Búrfellsvirkjun inn að Búrfellsskógi, og að sunnanverðu (í Rangárþingi ytra) að sauðfjárveikivarnargirðingu við Skarfanesveg, sem liggur frá Landvegi að Þjófafossi og Skarfanesi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur kynnt fyrirhugaða framkvæmd fyrir landeigendum sunnan Þjórsár, sem hlut eiga að máli, sveitarfélagi Rangárþings ytra, eiganda jarðarinnar Merkihvoll, og Sveini Sigurjónssyni, eiganda jarðarinnar Galtalækur 2, og hafa þessir aðilar fallist á framkvæmdina og fyrir liggja drög að samkomulagi þar að lútandi.

1. Efni samnings

Með samningi þessum hafa aðilarnir komist að samkomulagi um heimild til efnistöku á slitlagsefni fyrir reiðstíga, staðsettum beggja vegna Þjórsár, og gönguleið og áningarhólf, staðsettum á suðurbakka Þjórsár. Markmiðið með samningnum er að tryggja aðgengi að slitlagsefni til gerðar reiðstíga, gönguleiðar og áningarhólfs og gera þannig Búrfellssvæðið beggja vegna Þjórsár aðgengilegra ferðafólki en áður hefur verið.

2. Lýsing

Reiðstígarnir munu tengjast fyrirhugaðri brú yfir Þjórsá sem staðsett verður um 800 metra ofan við Þjófafoss, að norðanverðu (í Skeiða- og Gnúpverjahreppi) frá Búrfellsvirkjun um Búrfellsskóg, og að sunnanverðu (í Rangárþingi ytra) inn á Skarfanesveg. Land undir reiðstíg og gönguleið að sauðfjárveikivarnagirðingu við Skarfanesveg, ásamt áningarhólfi og hliðum verður í landi Merkihvals.

Með samningi þessum heimilar Sveinn Sigurjónsson, landeigandi Galtalækjar 2, nauðsynlega efnistöku á 0-8 mm slitlagsefni úr námunni Merkurhrauni vegna gerðar ofangreindra reiðstíga, gönguleiðar og áningarhólfs. Jafnframt heimilar Sveinn Sigurjónsson nauðsynlega efnistöku vegna viðhalds reiðstíga, gönguleiðar og áningarhólfs á meðan fyrirhuguð brú yfir Þjórsá er í rekstri.

Við gerð samnings þessa liggur fyrir samþykki Vegagerðarinnar fyrir efnistöku, en um er að ræða frákastefni eftir fyrri efnisvinnslu Vegagerðarinnar á efni í vegklæðningu úr námunni Merkurhrauni.

Stefnt er að því að Landsvirkjun bjóði út framkvæmdir við gerð brúarinnar sumarið 2020. Áformað er að framkvæmdir hefjist haustið 2020 þegar framkvæmdaleyfi sveitastjórna, fyrrgreint samkomulag og samningur þessi liggur fyrir. Verklok eru áætluð 2021.

3. Gildistími

Samningur þessi öðlast gildi við undirritun aðilanna.

Samningur þessi um heimild til efnisnáms, þar á meðal vegna viðhalds reiðstíga, gönguleiðar og áningarhólfs, skal gilda á meðan fyrirhuguð brú yfir Þjórsá er í rekstri.

Aðilarnir eru þó sammála um að hafi framkvæmdir ekki hafist innan tveggja (2) ára frá undirritun samnings þessa, falli samningurinn niður, og þar með öll réttindi og skyldur aðilanna á grundvelli hans, án formlegrar tilkynningar þar um.

4. Greiðslur vegna framkvæmda

Landsvirkjun mun greiða Sveini Sigurjónssyni eingreiðslu kr. 1.000.000,- (*ein milljón króna*) þegar framkvæmdir hefjast, sbr. þó 3. mgr. 3. gr. Greiðslan er fullnaðargreiðsla fyrir efnisnám á gildistíma samnings þessa og skal lögð inn á bankareikning sem Sveinn Sigurjónsson vísar til.

5. Eignarhald - Viðhald

Við lok framkvæmda mun Landsvirkjun afhenda Skeiða- og Gnúpverjahreppi fyrrgreinda göngu- og reiðbrú yfir Þjórsá ásamt reiðstígum, gönguleið, áningarhólfi og hliðum til eignar. Eftir afhendinguna mun viðhald brúarinnar verða á höndum sveitarfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps en viðhald gönguleiðar og reiðstígs auk áningarhólfs og hliða sunnan Þjórsár á höndum sveitarfélags Rangárþings ytra. Viðhald reiðstígs að norðanverðu verður áfram á höndum sveitarfélags Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

6. Önnur ákvæði

Samkomulag þetta er gert í tveimur (2) samhljóða eintökum, einu handa hvorum aðila.

Rísi ágreiningur út af samkomulagi þessu skulu aðilar freista þessa að leysa úr honum með samkomulagi. Takist það ekki er aðilunum heimilt að bera ágreining undir Héraðsdóm Suðurlands.

Fyrir hönd Landsvirkjunar:

Eigandi Galtalækjar II

Dags.: _____

Dags.: _____

Gunnar Guðni Tómasson
Framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

Sveinn Sigurjónsson

Gunnar Þór Guðmundsson
Verkefnisstjóri Landsvirkjunar

Kristófer A. Tómasson
Sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Ágúst Sigurðsson
Sveitastjóri Rangárþings ytra

Vottar að dagsetningum og undirskriftum:

Undirskrift, kennitala

Undirskrift, kennitala